

Fyrirspurn

fjármálaráðherra um skattskil í veitingahúsarekstri.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni.

1. Hvernig er skattskilum veitingahúsa háttað í samanburði við ýmsar aðrar þjónustugreinar?
2. Hvernig er staðið að eftirliti með skattskilum aðila í veitingarekstri?
3. Hversu margir aðilar í veitingarekstri hafa verið teknir til skattrannsóknar á árunum 2005 og 2006?
4. Hvernig hefur samstarfi skattstofa og skattrannsóknarstjóra við Samtök ferðaþjónustunnar verið háttað?

Skriflegt svar óskast.